

um frv. til laga um heyforðabúr og lýsisforðabúr.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi hefir sett samþyktaarlög um kornforðabúr til skepnufóðurs, um heyforðabúr og lög um forðagæslu, er mæla svo fyrir, að skipa skuli forðagæslumenn í hverjum hreppi, til að hafa eftirlit með ásetningi manna. Stefnan hefir því verið sú, að taka sem minst fram fyrir hendur manna í ásetningsmálinu, hvetja þá til friðsra samtaka um að tryggja búfjendinn, og brýna fyrir hverjum einstökum fjáreiganda að gæta allrar varúðar. Og þetta er áreiðanlega rjettasta leiðin til að afstýra horfellið.

Miklu auðveldara er að stofna kornforðabúr en heyforðabúr. Korníð er kraftfóður, sem altaf getur bjargað, sje það notað áður en menn eru þrotinir að heyjum. Mjög auðvelt er að yngja upp kornið. Er það mikils virði. Heyforðabúr hafa þann mikla ókost, að hey er fyrirferðarmikið og ilt í flutningi um langan veg, skemmist við upptöku og flutning, hvernig sem viðrar, mest auðvitað í illviðrum, og mjög mikið umstang og kostnaður er við að yngja það upp.

Stefnan með þessu frumvarpi er ný að því leyti, að ekki á að hafa almenning með í ráðum, heldur á að skylda sveitarstjórn til að koma á einu eða tveim forðabúrum í hverjum hreppi. Er svo bændum gert að skyldu að flytja vissa hestatölu heys, eftir fjárfjölda, í forðabúrið, hvort sem þeir vilja eða ekki. Þetta skulu þeir gera árlega, þangað til í forðabúri eru komnir 30 hestar af heyi á hverjar 20 sauðkindur eða geitkindur, jafnmikið fyrir hvern nautgrip, og enn jafnmikið fyrir hver fjögur hross í sveitinni. Skipa skal forðagæslunefnd. Peninga til lýsiskaupa á hver fjáreigandi að greiða nefndinni. Skulu 200 pottar af lýsi koma á móti 300 hestum af heyi. Útlægur skal hver sá, er óhlýðnast lögunum, um 50—200 kr. Og um brot gegn þeim fer sem um lögreglubrot.

Tvo kapla fyrir einn skal sá gjalda, er hey fær í forðabúri, en lýsi fær hann við því verði er sveitarstjórn telur hæfilegt.

Reisa skal á kostnað sveitarsjóðs nægilega margar og hæfilega stórar hlöður yfir heyið og lýsið. Leggur landssjóður fram þriðjung kostnaðar, annan þriðjung bjargráðasjóður að láni, gegn tryggingu og 5% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

Forðagæslunefnd fær ómak sitt borgað eftir reikningi.

Hjer er skýrt frá stefnu og meginatriðum frumvarpsins.

Þess er þá fyrst að geta, að eitt eða tvö forðabúr samkvæmt frumvarpinu gætu ekki nema sumstaðar bjargað bágstöddum mönnum frá horfelli í harðindum vegna staðhátta. Áður er minst á, hversu örðugt er að flytja að sjer hey langt að í ótið, ófærð og harðindum. Stundum er það alveg ómögulegt vegna ófærðar. Forðabúrin þyrftu að vera fleiri, ef duga skyldi alstaðar.

Ekki er það gefelt fyrir bændur að flytja hey að heiman frá sjer, ef heyskapur fæst ekki annarstaðar, i næsta forðabúr, hversu langt sem það er i burtu, með það fyrir augum, að þeir sjeu svo ósjálfstæðir að dómi löggjafarvaldsins, að aðrir verði að bafa vit fyrir þeim, ef duga skal, gæta fengins fóðurfórða, sem þeir sjálfir sjeu ekki færir um að varðveita. Og hversu hygginnu og forsjáll sem bóndinn er, ber honum skylda til að flytja árlega hey i forðabúrið, þótt hann þurfi aldrei neitt i það að sækja, þangað til hámark forðans er fengið samkvæmt frumvarpinu. Tími bænda um heyskapartimann er of dýrmætur til þess að þeir fari að eyða honum að óþörfu á þennan hátt fyrir vanhugsaðar tillögur þeirra manna, sem rjett höfðu til lagasetninga.

Þá á að skipa forðagæslunefnd samkvæmt frumvarpinu. Það eiga að gera sýslumenn eða bæjarfógetar. Ómakslaun fá nefndarmenn borguð eftir reikningi. Engin breyting er gerð á forðagæslulögunum, og koma þessi ákvæði þó i bága við þau.

Tillagan um lýsiskaup er viturlegasta ákvæðið i frumvarpinu, en þó ætti ekki að þurfa að skylda menn með lögum til að nota lýsi til skepnufóðurs.

Sektir og hegning fyrir óhlyðni og brot i svona máli eru til ills eins.

Hlöður forðabúrsins eða forðabúranna (ef tvö eru) eiga að rúma nálega vetrarfórða handa öllum búpeningi i hreppnum. Hvað mundu þær kosta? Og hvað mundi kosta að yngja upp heyið, ef ekki þyrfti að nota það árum saman? Sveitarsjóður á að leggja fram $\frac{2}{3}$ kostnaðar, landsjóður $\frac{1}{3}$. Lán að $\frac{1}{3}$ á að fást i bjargráðasjóði. Allan þennan kostnað og alt þetta strit eiga menn að leggja á sig til að verða ósjálfstæðari en þeir voru áður. Takmarkinu er auðvelt að ná kostnaðarlaust með frjálsum samtökum i sveitunum og árvekni forðagæslumanna.

Nefndin verður að telja það fjarri öllum sanni að fyrirskipa reglur um heyforðabúr, er gildi fyrir landið alt. Slikar reglur geta ekki átt jafnt við alstaðar. Og slikar ráðstafanir sem þessar eru mjög fjarri skapi almennings. Rjettast mun að láta hvern hrepp sjálf ráðan um það, hvort heyforðabúr verða stofnuð eða ekki. Ef þau eiga að koma að góðu haldi, þegar mest riður á, verða þau að vera skamt i burtu og mörg i stórum og strjálbygðum sveitum. Takmarkið á að vera að fá hvern einstakan til að sjá sjer farborða án hjálpar ánnara. Kornforðabúr ætti að nægja, meðan einstökum mönnum er áfátt i þessu máli. Og þó að nú sje erfitt að fá korn til skepnufóðurs, þá breytist það vonandi innan skamms. Og ekki verður heyforðabúrum komið upp alt i einu með því fyrirkomulagi, sem ráðgert er i þessu frumv., að minsta kosti ekki á þessu sumri.

Best mun það reynast, að hygnustu búmennirnir i hverri sveit gefi öðrum gott eftirdæmi, brýni fyrir þeim að setja vel á og gangist fyrir samtökum til varnar horfelli. Og þjóðin er að verða svo mönnuð, að ekki er rjett að grípa til þess neyðarúrræðis að fyrirskipa með lögum, frekar en gert er með forðagæslulögunum, hvernig ásetningur búpenings skuli vera i landinu. Úr því hlyti að verða óánægja. Og að því leyti, sem taka þarf fram fyrir hendur manna i þessu máli, verður hollast, að bestu mena i hverju bygðarlagi leggi á ráðin til bjargar og fái almennig til að fallast á nauðsynlegar ráðstafanir. Oftast mun það hægt, ef vitrir fyrirhyggjumenn sjna áhuga i þá átt.

Þetta eiga fyrst og fremst að gera forðagæslumenn, sveitarstjórn og búnaðar-
fjelagsstjórn. En verði einhver góður búmaður þess var í sveitinni, að eftirlit
vantar af hálfu þessara manna, á hann að sjálfsögðu að láta málið til sín
taka, því að það er sómi og gagn allrar sveitarinnar og alls landsins, að hverj-
um einstakling vegni vel, að athugaleysi um sinn eigin hag komi honum ekki
á kaldan klaka.

Nefndin leggur til að frumv. sje felt.

Alþingi, 30. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson, Jón Jónsson, Pjetur Þórðarson.
formaður. skrifari og framsm.

Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.